

Mál nr. 140/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.****Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 29. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 20. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 29. desember 2022, varð M þann dag fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Kemur þar fram að tilkynnt hafi verið um M hafi fallið af vinnupalli í nýbyggingu. Engin yfirlýsing var tekin af M um atvik málsins, en að sögn vitnisins Y, sem er sonur M, stóðu þeir M ofan á vinnupallinum þar sem þeir unnu við að festa upp málmrör í loftið. Þeir hafi hins vegar misst rörið í gólfið og við það hafi M misst jafnvægið, fallið af vinnupallinum og slasast. Þá kemur fram að M sem hafi fundið mikið til í hægri handlegg, hafi verið fluttur með sjúkrabifreið á bráðamóttöku.

Í málskoti og kröfubréfi M, dags. 14. desember 2023, er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á slysi M. Er m.a. vísað til þess að M hafi í umrætt sinn fallið af vinnupalli sem ekki hafi verið búinn fallvörnum nokkuð sem X beri skaðabótaábyrgð á. Er í því sambandi vísað til 37. gr., sbr. 13. og 14. gr. laga nr. 46/1980 um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í framangreindu kröfubréfi er að finna ítarlegan rökstuðning fyrir kröfunni. Er þar m.a. gerð grein fyrir rökum M fyrir því að X hafi brotið gegn ákvæðum reglugerðar nr. 547/1998 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Þá kemur fram í málskoti að V hafi með bréfi, dags. 23. apríl 2024, hafnað skaðabótakröfu M. Mótmælir M þeim sjónarmiðum sem fram koma í því bréfi V enda telji M þau ósönnuð. Er jafnframt tekið fram í málskoti að X hafi sent M á umræddan vinnustað til að vinna tiltekið verk. Það hafi því verið á ábyrgð X að útvega M fullnægjandi búnað til að framkvæma verkið, nokkuð sem X hafi ekki gert. Þá tekur M fram að honum hafi ekki verið kynnt hin meinta öryggishandbók sem V vísi til í framangreindu bréfi, að minnsta kosti ekki á neinu því tungumáli sem M skilur. Í málskotinu kemur einnig fram að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrir en 9. janúar 2023 og hafi því ekki verið rannsakað. M fjallar hins vegar ekkert frekar um það hvort þessi seina tilkynning til Vinnueftirlitsins eigi að hafa einhver áhrif varðandi mat á því hvort skilyrði skaðabótaábyrgðar X teljist uppfyllt eða ekki.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 20. maí 2025, er skaðabótaábyrgð X hafnað. Er m.a. vísað til þess að samkvæmt upplýsingum frá X hafi umræddur vinnupallur ekki verið í eigu X sem hafi því aldrei gefið M fyrirmæli um að nota hann við vinnu sína. Þá mótmælir V þeim rökum M að X hafi ekki gætt að fyllsta öryggi starfsmanna þegar kemur að tækjum og búnaði. Er vísað í öryggishandbók X í því sambandi. Þá vísar V jafnframt til þess að samkvæmt upplýsingum frá X eigi starfsmaður að hafa samband við sína yfirmenn ef það vantar t.a.m. verkfæri, vinnupalla eða stiga og þá útvegi X ávallt þá hluti sem þörf er á. Hafi X metið það svo þann dag sem M slasaðist að ekki væri þörf á vinnupalli í það verk sem vinna átti. Starfsfólkið hafi hins vegar verið með stiga eða tröppur með sér og mat X það svo að sá útbúnaður væri fullnægjandi. Þá komi fram í öryggishandbók X að starfsmenn skuli láta verkstjóra vita ef búnaður er ekki fullnægjandi. Það hafi M ekki gert heldur tekið þá ákvörðun sjálfur að nota umræddan vinnupall sem ekki hafi verið á vinnustaðnum á vegum X.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína að morgni 29. desember 2022. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Dómafordæmi benda

til þess að litið sé svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur réttilega tilkynnt slys samkvæmt framangreindu lagaákvæði skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Slys M var tilkynnt til Vinnueftirlitsins 9. janúar 2023. Hins vegar er ekki á því byggt í málatilbúnaði M að í því felist brot á tilkynningarskyldu X skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Því mun nefndin leggja hefðbundnar sönnunarreglur til grundvallar í málinu.

Eins og að framan greinir hefur M m.a. byggt málatilbúnað sinn á því að X verði að bera skaðabótaábyrgð á slysinu þar sem það verði rakið til þeirrar ákvörðunar X að láta M nota vanbúinn vinnupall á slysdegi. V mótmælir þessu og byggir m.a. þvert á móti á því að umræddur vinnupallur hafi ekki verið í eigu X og að M hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að nota hann við vinnu sína. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að gegn eindreginni neitun V hafi M því ekki tekist að sanna að slys hans verði rakið til athafna eða athafnaleysis sem X geti borið skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir